



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 35/2017

Sölu- og afhendingarbann á þyrilsnældur sem fluttar voru inn af BSV ehf.

I.

Málsmeðferð

1.

Þann 23. júní 2017 óskaði Neytendastofa eftir því að verslunin Heimkaup, sem rekin er af Wedo ehf., myndi afhenda stofnuninni eintök af þeim þyrilsnældum sem verslunin hafði til sölu og viðeigandi gögn vegna þeirra. Neytendastofu bárust 89 eintök af þyrilsnældum (sjá fylgiskjal) þann 10. júlí 2017 frá versluninni. Samkvæmt upplýsingum í tölvupósti frá Heimkaup, þann sama dag, voru þyrilsnældurnar fluttar inn af BSV ehf.

2.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 18. ágúst 2017, fór Neytendastofa fram á að BSV ehf. legði fram öll nauðsynleg tæknigögn fyrir vöruna sem gætu sýnt fram á öryggi hennar, s.s. öryggismat, EB-gerðarprófunarvottorð, EB-samræmisyfirlýsingu og prófunarskýrslu. Ennfremur var þeim fyrirmælum beint til BSV að gera úrbætur á merkingum á leikföngum sem boðin væru fram á markaði hérlendis. Þá var BSV jafnframt upplýst um heimildir stofnunarinnar til þess að setja tímabundið bann við sölu á vörum sem ekki uppfylla skilyrði laga nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu og reglugerðar nr. 944/2014 um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu.

Neytendastofu bárust fjórar skýrslur þann 25. ágúst 2017, þar af tvær samhljóða. Neytendastofa taldi að ekki væri um fullægjandi gögn að ræða til að sýna fram á öryggi þeirra þyrilsnælda sem stofnunin hafði óskað eftir gögnum um.

3.

Með ákvörðun, dags. 11. september 2017, sem birt var BSV þann 12. september 2017 lagði Neytendastofa tímabundið bann við sölu og afhendingu á 89 tegundum af þyrilsnældum, sem tilgreindar voru með myndum og númerum í fylgiskjali með ákvörðun. Í ákvörðuninni var þeim fyrirmælum beint til BSV að gera úrbætur á merkingum á þeim leikföngum sem ekki báru fullnægjandi merkingar. Fjallað var um þau gögn sem lágu fyrir í málinu í umræddri ákvörðun. Í ákvörðuninni segir að í fyrsta lagi væri um að ræða prófunarskýrslu frá Wonder Testing, vegna „White Finger Wheel“, auk samræmisyfirlýsingar. Á prófunarskýrslunni var ekki



tilgreint auðkenningarnúmer prófuðu vörunnar svo ekki var unnt að tengja skýrsluna við, „Fidget Spinner-3ja arma hvítur“, sem Neytendastofa taldi að hún ætti við um. Í öðru lagi var skýrsla frá Shenzhen Hwin Testing & Certification Co., Ltd. ekki auðkennd með númeri auk þess sem leikföngin var ekki unnt að tengja við umrædda skýrslu þar sem þau voru ekki auðkennd með neinum hætti. Í þriðja lagi var lögð fram skýrsla frá Shenzhen LST Technology CO., Ltd. þar sem að kom fram að skýrslan ætti við um „Finger Spinner, model no: JH-012“. Ekkert auðkenningarnúmer var hins vegar á þyrilsnældunum sem Neytendastofa taldi að væru samskonar þyrilsnældum á mynd í skýrslunni. Þá virtist vera sem LED þyrilsnældur væru einnig hluti af þeim þyrilsnældum sem skýrslan átti við um samkvæmt myndunum. Þá kom fram í ákvörðuninni að mismunandi kröfur ættu við um þyrilsnældur með og án LED ljósa og því þyrfti að skila sérstakri skýrslu um LED þyrilsnældur, ef að gögnin ættu að sýna fram á öryggi þeirra. Að lokum hafi skýrslan borið með sér að viðvörunarmerkingar væru fullnægjandi, ólíkt því sem varan bar raunverulega með sér. Með vísan til þess var ekki talið að umræddar skýrslur sýndu fram á öryggi þyrilsnældanna.

4.

Þann 18. september 2017 barst Neytendastofu tölvupóstur frá umboðsmanni BSV, þar sem kom fram að BSV hafi gert tilraun til að fá afhent gögn frá birgjum vegna umræddra leikfanga. Sú tilraun hafi ekki skilað árangri. Þá hafi umboðandi hans fengið þær upplýsingar að þær skýrslur sem Neytendastofa hafi undir höndum sýni fram á CE-vottun og þær hafi dugað eftirlitsaðilum í öðrum Evrópulöndum til að sýna fram á öryggi vörunnar. Þá geri umboðandi hans athugasemdir við að ríkari kröfur séu gerðar hér á landi en í öðrum löndum í Evrópu. Var því farið fram á að Neytendastofa myndi endurskoða ákvörðun sína. Með tölvupósti Neytendastofu, dags. 20. september 2017, var ekki fallist á umrædda beiðni þar sem stofnuninni hafi ekki borist fullnægjandi gögn og var umboðsmanni BSV leiðbeint um að leggja fram frekari gögn vegna málsins.

Með tölvupósti, dags. 22. september 2017, bárust Neytendastofu tvær skýrslur. Var í tölvupóstinum óskað eftir því að Neytendastofa endurskoðaði ákvörðun sína, með vísan til nýrra gagna í málinu. Einnig var vísað til þess að auðvelt væri fyrir einstaklinga að festa kaup á sambærilegum vörum frá Malasíu, m.a. án CE merkingar, og vonlaust væri að keppa við slíkar aðstæður sem fælu í sér ójafnræði. Auk þess var því komið á framfæri að Heimkaup hafi verið eini endursöluaðili umræddra leikfanga. Með svari Neytendastofu, dags. 25. september 2017, benti Neytendastofa á að önnur umræddra skýrslna frá „Anbotek Product Safety“ sýndi fram á samræmi tiltekinna vara við ASTM staðal, og gæti því ekki sýnt fram á samræmi vörunnar við kröfur sem séu gerðar til öryggis leikfanga innan Evrópska efnahagssvæðisins.

5.

Með tölvupósti, dags. 27. september 2017, barst Neytendastofu tölvupóstur frá BSV. Þar kom fram að fyrirtækið krefðist þess að Neytendastofa færi yfir innkomin gögn aftur og tímabundnu sölubanni yrði aflétt. Með tölvupóstinum fylgdi samræmisýfirlýsing nr. HW170330026S vegna svokallaðra Cube, sem vísað er í fylgiskjali sem þyrilsnældur nr. 82-



89. Að lokinni skoðun á þeim skýrslum sem Neytendastofu bárust sendi Neytendastofa BSV ítarlegar leiðbeiningar og skýringar vegna þeirra gagna sem skilað hafði verið inn og hvaða gögn vantaði til að sýna fram á samræmi leikfanganna við reglur um öryggi umræddra leikfanga, auk leiðbeininga um hvernig merkja beri leikföngin. Í leiðbeiningunum kom m.a. fram að önnur þeirra skýrslna sem borist hafði þann 27. september 2017 frá BSV, frá „Dongguan Xosoy Industry Co., Ltd.“ hafi ekki verið unnt að tengja við þyrilsnæddur nr. 78 og 79 sem líklegast þótti að skýrslan ætti við um. Auk þess þyrfti gögn til að sýna fram á að samræmisýfirlýsingin sem lögð hafi verið fram ætti við skýrsluna, enda var hún ekki í efnislegu samræmi við umrædda skýrslu, auk þess sem gerðarprófunaraðili var ekki sá sami á skýrslunni og á samræmisýfirlýsingunni. BSV var auk þess upplýst um að skýrslunni til viðbótar vantaði öryggismat frá framleiðanda.

Þann 5. október sendi Neytendastofa BSV upplýsingar, um að ákvörðun um varanlegt sölubann yrði tekin ef ekki yrðu lögð fram frekari gögn í málinu.

Engin frekari gögn hafa borist Neytendastofu vegna málsins.

II. Niðurstaða

1.

Mál þetta varðar öryggi 89 tegunda þyrilsnælda sem fluttar voru til landsins af BSV ehf. Voru þær þyrilsnæddur sem Neytendastofa tók til skoðunar ýmist ekki CE-merktar eða báru ekki fullnægjandi varúðarmerkingar, nafn framleiðanda og framleiðslunúmer. BSV lagði fram 6 skýrslur, þar af tvær efnislega samhljóða, í þeim tilgangi að sýna fram á að umrædd leikföng uppfylltu kröfur sem gerðar eru til öryggis leikfanga. Að lokinni skoðun Neytendastofu á skýrslunum var talið að engin þeirra væri fullnægjandi til að sýna fram á öryggi leikfanganna.

2.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu mega framleiðendur einungis markaðssetja öruggar vörur. Þá segir í 2. mgr. sömu greinar:

“Vörur, sem ætlaðar eru til sölu, leigu eða hvers kyns annarrar afhendingar í atvinnuskyni á markaði, skulu vera þannig úr garði gerðar að þær fullnægi kröfum sem vegna almannahagsmuna eru gerðar til þeirra í lögum og reglugerðum eða stöðlum um öryggi vöru og vernd heilsu og umhverfis.”

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 134/1995 er um það fjallað hvað teljist örugg vara og til hvers skuli litið við mat á því hvort vara teljist örugg. Ákvæðið er svohljóðandi:



„Öruggr vara merkir sérhverja vöru sem við eðlileg eða fyrirsjáanleg notkunarskilyrði, þ.m.t. endingartíma, svo og kröfur sem gerðar eru um uppsetningu, viðhald og hvernig hún skal tekin í notkun, telst vera hættulaus fyrir einstaklinga, heilsu þeirra og eignir enda fullnægi hún almennum kröfum sem gerðar eru vegna almannahagsmuna um öryggi og vernd heilsu, svo og umhverfis. Við mat á öryggi vöru skal einkum haft til hliðsjónar:

1. Eðli vörunnar, þ.m.t. samsetning hennar, umbúðir og samsetningarleiðbeiningar og, þar sem við á, uppsetningar- og viðhaldsleiðbeiningar.

2. Áhrif vörunnar á aðrar vörur ef fyrirsjáanlegt er að hún verði notuð með öðrum vörum.

3. Framsetning vörunnar, merkingar og, ef við á, varnaðarorð og leiðbeiningar um notkun og förgun auk hvers kyns ábendinga eða upplýsinga um vöruna.

4. Hvort varan er gerð fyrir tiltekinn markhóp neytenda sem getur stafað sérstök hættu af vörunni, t.d. börn og eldra fólk.“

Framleiðsla og dreifing vöru, svo og þjónusta sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti skulu ávallt vera í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla sem gilda hverju sinni um öryggi vörunnar, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995. Í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995, er nánar tilgreint hvaða vörur teljast vera öruggar í skilningi laganna en þar segir:

„Vara telst vera örugg ef hún uppfyllir skilyrði sem fram koma í íslenskum stöðlum, sem innleiða Evrópustaðla, sem tilvísun hefur verið birt í hér á landi og í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins í samræmi við ákvæði tilskipunar um öryggi vöru.“

Ríkar kröfur eru gerðar til framleiðenda, innflytjenda og dreifingaraðila leikfanga. Í reglugerð nr. 944/2014, um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu, er að finna ítarleg ákvæði um þær kröfur sem gerðar eru til hvers þeirra um sig, sbr. 3., 5., og 6. gr. nefndrar reglugerðar.

Í 5. gr. reglugerðar nr. 944/2014 er kveðið á um skyldur innflytjenda en innflytjendur mega aðeins setja leikfang á markað sem uppfyllir viðeigandi kröfur um öryggi, sbr. 1. mgr. Áður en að leikfang er sett á markað skal innflytjandi, sbr. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 944/2014:

„1. tryggja að framleiðandi hafi framkvæmt eða látið framkvæma samræmismat með viðeigandi samræmismatsaðferð, sbr. 17. gr.,

2. tryggja að framleiðandi hafi útbúið tæknigögn, sbr. 19. gr.,

3. tryggja að leikfang beri samræmismerki og því fylgi þau skjöl sem krafist er,

4. tryggja að leikfangið beri gerðar-, framleiðslu-, rað- eða tegundarnúmer eða annað sem gerir kleift að bera kennsl á þau eða, ef það er ekki hægt vegna stærðar eða eiginleika leikfangs, að umbeðnar upplýsingar séu á umbúðunum eða í skjali sem fylgir leikfanginu,



5. tryggja að leikfangið beri nafn framleiðanda, skráð firmaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang, þar sem hafa má samband við hann, eða ef það er ekki hægt, á umbúðunum eða í skjali sem fylgir leikfanginu.“

Leikfang á ekki að vera sett á markað fyrr en framleiðandi hefur sýnt fram á samræmi þess við grunnkröfur um öryggi með þeim samræmismatsaðferðum sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. 17. gr. reglugerðar nr. 944/2014. Áfesting CE-merkisins er staðfesting á því að vara fullnægi öllum skilgreindum grunnkröfum í reglugerðum og samhæfðum stöðlum Samkvæmt 14. gr. reglugerðar nr. 944/2014 skulu leikföng sem boðin eru fram á markaði hér á landi vera CE-merkt. Um CE-merkið gildir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008, um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og var innleidd hér á landi með reglugerð nr. 566/2013, um markaðseftirlit, faggildingu o.fl.

Framleiðanda leikfangs ber að útbúa tæknigögn skv. 19. gr. reglugerðar nr. 944/2014. Í 19. gr. reglugerðarinnar segir að með tæknigögnum sé átt við öll viðeigandi gögn eða upplýsingar um aðferðir sem framleiðandinn notaði til að tryggja að leikfangið eða leikföngin sem hann setur á markað séu í samræmi við grunnkröfur um öryggi. Tæknigögn teljast þó að lágmarki þau gögn og upplýsingar sem fram koma í IV. viðauka reglugerðarinnar, en þar er m.a. vísað til gagna um ítarlega lýsingu á hönnun og framleiðslu leikfangsins, öryggismats framleiðanda og ganga þar sem samræmismatsaðferð er lýst. Í framangreindum viðauka er einnig vísað til EB-samræmisýfirlýsingar, heimilisfanga á framleiðslu- og geymslustöðum og prófunarskýrslna. Framleiðendum, innflytjendum og dreifingaraðilum ber skylda til að hafa tæknigögn til reiðu að rökstuddri beiðni Neytendastofu, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr., 10. mgr. 5. gr. og 5. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 944/2014.

Þá er mælt fyrir um viðvörunarmerkingar í 10. gr. reglugerðar nr. 944/2014. Í 7. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar segir að viðvörunarmerkingar skulu vera á íslensku. Þá er einnig kveðið á um í ákvæðinu að viðvörunarmerking skuli vera vel sýnileg, auðlæsileg, skiljanleg og nákvæm, þar sem rita skuli á undan henni „Viðvörun“ eða „Varúð“. Þar segir einnig að viðvörunarmerkingarnar skuli jafnframt vera á leikfanginu á áfestum merkimiða eða á umbúðum leikfangsins og, þar sem við á, á notkunarleiðbeiningum sem fylgja leikfanginu. Í B-hluta V. viðauka reglugerðarinnar er einnig mælt fyrir um merkingar leikfanga sem ekki eru ætluð til notkunar af börnum yngri en 36 mánaða.

Um hönnun, framleiðslu og gerð leikfanga gildir staðallinn ÍST EN 71. Í staðlinum *ÍST EN 71-1:2014: Öryggi leikfanga – Hluti 1: Krafrænar og efnislegir eiginleikar* er að finna nánar ákvæði um merkingar og viðvaranir á leikföngum. Í sjöunda kafla staðalsins er kveðið á um viðvaranir vegna leikfanga sem ekki eru ætluð börnum undir þriggja ára. Þar segir að koma þurfi fram ef varan er ekki ætluð börnum yngri en þriggja ára. Þá segir enn fremur að taka þurfi fram ef að leikfangið getur t.d. valdið köfnunar- eða hengingarhættu, t.d. með áletruninni „Viðvörun. Smáir hlutir. köfnunarhætta“. Ef notuð er mynd sem segir til um það að varan sé ekki ætluð börnum yngri en þriggja ára á hringurinn að vera rauður, á hvítum bakgrunni með



svörtum texta og myndmerkið með svörtum útlínunum. Þá kemur einnig fram í kafla A33 í nefndum staðli að nafn framleiðanda og heimilisfang þurfi að koma fram á leikfanginu eða, ef því verður ekki við komið, á pakkingu þessa eða í leiðbeiningum sem fylgja leikfanginu, sbr. og 5. tölul. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 944/2014.

3.

Í máli þessu var um að ræða 89 tegundir af þyrilsnældum sem að Neytendastofa tók til skoðunar. Skoðun á þyrilsnældunum leiddi í ljós að þyrilsnældur í fylgiskjali með tilvísananúmer 13, 36, 49 og 65 væru ekki CE-merktar og væru því ekki í samræmi við kröfur sem gerðar eru til leikfanga sem boðin eru fram á markaði, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 944/2014. Gögn sem hafa verið lögð fram í málinu hafa ekki sýnt fram á samræmi leikfanganna við lög nr. 134/1955, reglugerð nr. 944/2914 og leikfangastaðalinn ÍST EN 71.

Í þeim tilfellum þar sem að CE-merkið hafði verið fest á vörurnar, þ.e. á þyrilsnældum 1-12, 14-35, 37-48, 50-64 og 66-89, var ekki sýnt fram á að framleiðandi hafi með viðeigandi aðferðum tryggt að leikfangið hafi verið hannað og framleitt í samræmi við grunnkröfur um öryggi sem gerðar eru til leikfanga skv. 16-19. gr., sbr. 5. gr. reglugerðarinnar. Þá voru þau tækniskjöl sem Neytendastofa óskaði eftir ekki tiltæk hjá BSV. Neytendastofa sendi BSV ítarlegar leiðbeiningar, dags. 29. september 2017, um þau atriði sem skýra þyrfti betur í sambandi við skýrslur sem stofnuninni bárust og hvaða gögn leggja þyrfti fram í málinu til að sýna fram á samræmi leikfanganna. Í leiðbeiningunum var BSV t.a.m. leiðbeint um að leggja fram gögn sem sýndu fram á að viðkomandi prófunarskýrslur ættu við um þær vörur sem væru til skoðunar hjá Neytendastofu. Leiðbeindi Neytendastofa BSV um að auðkenningarnúmer vöru væri oft unnt að finna á reikningum vegna kaupa á vöru. Stofnuninni bárust engar frekari skýringar frá BSV. Ennfremur voru engin gögn lögð fram í málinu vegna þyrilsnælda nr. 1-10, 12-32, 36-38, 47-64, 68-77 og 80-82.

Þá var merkingum einnig ábótavant á vörunum. Í málinu liggja ekki fyrir gögn sem sýna fram á að viðeigandi skoðun hafi farið fram á hvort umrædd leikföng henti börnum undir 3 ára aldri. Þyrilsnældur nr. 1-13, 16-18, 20-24 og 26-74, 76-89 báru engar viðvörunarmerkingar um að leikfangið væri ekki ætlað börnum undir þriggja ára aldri auk þess sem á þeim var ekki að finna lýsingu á þeirri sérstöku hættu sem svo ungum börnum gæti stafað af leik þeirra, skv. 10. gr., sbr. B-hluta, V. viðauka reglugerðarinnar og kröfur í fyrrgreindum leikfangastaðli. Þess konar viðvörunarmerkingar var að finna á þyrilsnældum nr. 14, 15, 19 og 25, en viðvörunarmerkið var með svörtum hring í stað rauðs hrings með svörtum útlínunum, sbr. V. viðauka reglugerðar nr. 944/2014 og kröfur leikfangastaðalsins ÍST EN 71-1:2014. Þá var skriflega viðvörun að finna á þyrilsnældu nr. 75, en hún var ekki á íslensku, líkt og krafa er gerð um í 7. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar. Þá báru þyrilsnældurnar ekki merkingar um hver framleiðandi leikfangs væri né framleiðslunúmer, eða annað auðkenningarnúmer, auk þess sem engar merkingar um nafn eða heimilisfang innflytjanda var að finna á leikfanginu, en um það er gerð krafa í 5. gr. reglugerðar nr. 944/2014.



Í ljósi þess að ekki hefur verið sýnt fram á að nefndar vörur uppfylli ofangreind skilyrði varðandi framleiðslu og markaðssetningu leikfanga telur Neytendastofa að ekki hafi verið sýnt fram á öryggi ofangreindra leikfanga. Því teljast þyrilsnældurnar sem BSV bauð fram á markaði ekki öruggar í skilningi 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 135/1995. BSV hefur því brotið gegn ákvæðum 5. gr., 9., og 16-19. gr. reglugerðar nr. 944/2014 og því ekki uppfyllt skyldur innflytjanda. BSV hefur einnig brotið gegn 14. gr. reglugerðar og 5. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 944/2014, með því að bjóða fram á markaði þyrilsnældur sem báru ekki fullnægjandi merkingar, auk fjögurra þyrilsnælda sem ekki voru CE-merktar. Því telur Neytendastofa nauðsynlegt með vísan til 1. mgr. 20. gr. laga nr. 134/1995, sbr. 21. gr. sömu laga, og reglugerðar nr. 944/2014, að banna hér með alla sölu og afhendingu 89 tegunda ofangreindra þyrilsnælda, sjá myndir í fylgiskjali.

Sölu- og afhendingarbann þetta tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar.

Neytendastofa leggur jafnframt þá skyldu á hendur BSV að innkalla og eyða öllum eintökum þyrilsnældanna sem enn kunna að vera til hjá innflytjanda, dreifingaraðila eða söluaðila með öruggum hætti, sbr. 22. gr. laga nr. 134/1995. BSV skal leggja fram gögn, innan fjögurra vikna frá birtingu þessarar ákvörðunar, sem sýna fram á örugga eyðingu þeirra eða tilkynningu um að ekki séu til fleiri eintök og varan verði því ekki frammar markaðssett.

Neytendastofa vill leggja áherslu á að þó svo að bann þetta tiltaki aðeins framangreindar þyrilsnældur séu sömu kröfur gerðar til allra leikfanga sem BSV flytur inn og setur á markað á Íslandi.

Neytendastofa bendir á að samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 134/1995, varðar það dagsektum, allt að kr. 50.000 á sólarhring, ef ekki er farið að fyrirmælum stofnunarinnar.



III. Ákvörðunarorð:

„BSV ehf., Súðarvogi 3-5, 104 Reykjavík, hefur boðið fram á markaði leikföng sem ekki geta talist örugg í skilningi 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995 um öryggi leikfanga og opinbera markaðsgæslu. BSV hefur því brotið gegn ákvæðum 5. gr., 9. og 16-19. gr. reglugerðar nr. 944/2014 um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu og því ekki uppfyllt skyldur innflytjanda.

BSV hefur einnig brotið gegn 14. gr. reglugerðar nr. 944/2017 um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu, með því að bjóða fram á markaði fjórar þyrilsnældur sem voru ekki CE-merktar. Auk þess hefur BSV brotið gegn 5. og 10. gr. reglugerðar nr. 944/2014, sbr. lög nr. 134/1995 þar sem að leikföngin báru ekki fullnægjandi merkingar.

Með vísan til 1. mgr. 20. gr., sbr. 21. gr., laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, og 27. gr. reglugerðar nr. 944/2014, um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu, er bannað að selja og afhenda þyrilsnældur frá 1-89, sem tilgreindar eru í fylgiskjali, sem enn kunna að vera til á lager hjá fyrirtækinu. Sjá myndir í fylgiskjali.

Með vísan til 1. mgr. 22. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu skal BSV ehf. ennfremur innkalla og eyða öllum eintökum vörunnar sem enn kunna að vera til hjá innflytjanda, dreifingaraðila og söluaðila og afhenda Neytendastofu staðfestingu þess efnis innan fjögurra vikna frá dagsetningu ákvörðunarinnar.

Sölu- og afhendingarbann þetta tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar.

Neytendastofa, 12. október 2017


Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir


Fylgiskjal með ákvörðun Neytendastofu, dags. 12. október 2017, um sölu- og afhendingarbann á þyrilsnældum sem fluttar voru inn af BSV ehf.

Myndir og tilvísanánúmer til 89 eintaka af þyrilsnældum sem bárust að beiðni Neytendastofu frá versluninni Heimkaup og voru fluttar inn af BSV ehf.


1. Fidget Spinner Batman grænn með svörtum hringjum




2. Fidget Spinner Batman grænn með rauðum hringjum




3. Fidget Spinner Batman blár með rauðum hringjum




4. Fidget Spinner Batman blár með svörtum hringjum




5. Fidget Spinner Batman gulur með svörtum hringjum




6. Fidget Spinner Batman gulur með rauðum hringjum




7. Fidget Spinner Batman rauður með rauðum hringjum




8. Fidget Spinner Batman rauður með svörtum hringjum




9. Fidget Spinner Batman hvítur




10. Fidget Spinner Batman svartur




11. Fidget Spinner – 3ja arma hvítur (svartir hringir)




12. Fidget Spinner – 3ja arma gulur




13. Fidget Spinner – 3ja arma bandaríski fáninn




14. Fidget Spinner – 3ja arma bleikur




15. Fidget Spinner – 3ja arma blár




16. Fidget Spinner – 3ja arma appelsínugulur (svartir hringir)




17. Fidget Spinner – 3ja arma rauður (svartir hringir)




18. Fidget Spinner – 3ja arma svartur



19. Fidget Spinner 3ja arma grænn




20. Fidget Spinner – 3ja arma með ledljósum grænn




21. Fidget Spinner – 3ja arma með ledljósum gulur




22. Fidget Spinner – 3ja arma með ledljósum blár




23. Fidget Spinner – 3ja arma með ledljósum hvítur



24. Fidget Spinner – 3ja arma með ledljósum svartur



25. Fidget Spinner – 3ja arma með ledljósum rauður



26. Fidget Spinner 3ja arma dökkblár málmur



27. Fidget Spinner 3ja arma rauður málmur




28. Fidget Spinner 3ja arma svartur málmur




29. Fidget Spinner 3ja arma gulur málmur




30. Fidget Spinner 3ja arma hvítur málmur




31. Fidget Spinner 3ja arma grænn málmur




32. Fidget Spinner 3ja arma ál gylltur




33. Fidget Spinner 3ja arma ál svartur




34. Fidget Spinner 3ja arma áli bleikur




35. Fidget Spinner 3ja arma ál blár




36. Fidget Spinner – 3ja arma silfur ál




37. Fidget Spinner - 3ja arma ál bleikur/brons




38. Fidget Spinner - 3ja arma áli blár




39. Fidget Spinner 3ja arma úr áli svartur




40. Fidget Spinner 3ja arma ál brass




41. Fidget Spinner með ledljósum ál – gullitaður




42. 2. stk. Fidget Spinner með ledljósum ál – silfur




43. Fidget Spinner með ledljósum ál – silfur




44. Fidget Spinner með ledljósum ál – bleikur




45. Fidget Spinner með ledljósum ál – blár




46. Fidget Spinner 2ja arma bleikur ál




47. Fidget Spinner 2ja arma gylltur ál




48. Fidget Spinner 2ja arma blár ál




49. Figdet Spinner 3ja arma ál gylltur




50. Figdet Spinner 3ja arma ál brons




51. Figdet Spinner 3ja arma ál – bleikur



52. Figdet Spinner 3ja arma ál – silfraður



53. Figdet Spinner 3ja arma ál – blár




54. Figdet Spinner 3ja arma ál svartur




55. Figdet Spinner 2ja arma ál – silfraður



56. 2ja arma brons




57. Figdet Spinner 2ja arma ál gylltur



58. Figdet Spinner oval regnboga



59. Figdet Spinner Batman ál svartur



60. Figdet spinner 6 arma regnboga




61. Fidget spinner, Iron man rauður og gylltur ²




62. Fidget spinner Captain America – ál




63. Fidget spinner 3ja arma ál regnboga



64. Fidget spinner 3ja arma stjarna regnboga



65. Fidget spinner 6 arma brons og marglitur




66. Fidget spinner 6 arma brons og marglitur




67. Fidget spinner 4ra arma regnboga



68. Fidget spinner þriggja arma tribal svartur



69. Fidget spinner 3ja arma ál regnboga




70. Fidget spinner rauður – skulls and bones



71. Fidget Spinner 5 arma gylltur




72. Fidget Spinner 6 arma gylltur ál



73. Fidget Spinner 3ja arma ál marglitur



74. Fidget spinner 3ja arma – stór gull ál



75. Fidget spinner 2ja arma - svartur og silfur með rauðum merkjum á örmum



76. Fidget spinner 3ja arma – stór silfur ál




77. Fidget spinner 3ja arma – stór gull ál




78. Fidget Spinner hjól svart og gyllt (1)




79. Fidget Spinner hjól svart og gyllt (2)




80. Fidget Spinner 3ja arma marglitur ál




81. Fidget Spinner 6 arma gylltur ál




82. Fidget Cube blár camouflaje




83. Fidget Cube svartur með rauðum hnöppum




84. Fidget Cube hvítur með grænum hnöppum




85. Fidget Cube hvítur með svörtum hnöppum




86. Fidget Cube hvítur með bláum hnöppum



87. Fidget Cube hvítur með gulum höppum



88. Fidget Cube Svartur með svörtum Hnöppum



89. Fidget Cube grænn camouflage

